

Æskulýðsstarf 2004 – 2005

Starfsskýrsla hestamannafélaganna í Skagafirði.

Léttfeti – Stígandi – Svaði.

Frá því Reiðhöllin Svaðastaðir reis á Sauðárkróki hafa hestamannafélögin 3 í Skagafirði staðið sameiginlega að miklu og árangursríku barna- og unglingastarfi sem farið hefur þar fram. Síðastliðinn vetur var engin undantekning með þetta. 60 börn, frá 5 – 17 ára tóku þátt í starfinu. Sumir komu alla leið frá Siglufirði. Hittumst við aðra hverja helgi eftir áramótin og var mikið fjör. Höfðu bæði nemendur og kennarar gaman af. Námskeiðin voru aðallega verklegir reiðtímar.

Við höfðum alveg mjög gott starfsfólk með okkur og var meirihluti þess brautskráðir reiðkennarar frá Hólum, auk þess sem reiðkennararnir fengu aðstoð frá eldri ungmennum sem hafa teki Jór brautina (hestabraut) í Fjölbrautarskóla Norðurlands Vestra.

Það var engin undantekning á því að við vorum með í sýningunni Tekið til kostanna. Þar komu fram eldir börn og sýndu sitt atriði. Þetta þýddi margar aukaæfingar og komu foreldrar kvöld eftir kvöld með hestakerrur og börn og æfðu. Foreldrar tóku virkan þátt í þessu með börnunum og var það mjög gaman. Svona er einungis hægt með góðri aðstoð foreldra.

Dagur æskunnar var haldinn 30. maí. Þá sýndi hver hópur fyrir sig hvað hann hafði lært um veturinn, meða annars sýnd munsturreið. Eftir það fengu þau viðurkenningarpening fyrir þátttökuna í vetur og styrkti Kaupfélag Skagfirðinga kaupin á þeim. Á eftir var haldin töltkeppni sem tókst mjög vel. Þar tóku margir þátt í sinni fyrstu keppni. Fengu sigurvegararnir pening í verðlaun. Að því loknu var haldin stærðar pizzuveisla og fengur allir pizzu og gos. Sáu Anna og Þórhildur um þetta ásamt dyggri aðstoð foreldra.

Þetta er það starf sem ég hef komið að. En hvað félögin hafa gert hvert fyrir sig utan við þetta er mér ókunnugt. Eru flestir sammála um að starfið í vetur hefur verið mjög vel heppnað og skemmtilegt. Börnunum fer mikið fram milli ára, þannig að árangurinn er greinilegur.

Kveðja, Þórhildur Jakobsdóttir og Anna Jóhannesdóttir.